

# LÖGFRÆÐISTOFUR

FIMMTUDAGUR 28. JÚNÍ 2012


**Kynningarblað** Brautryðjendur, lögfræðipjónusta, lögfræðipættir og ókeypis lögfræðiráðgjöf



# Lögfræðipættir eru góð skemmtun

Lögfræðingar hafa lengi verið umfjöllunarefni sjónvarpsþátta. Þó það virðist vera orðin margtuggin og þreytt klisja að gera þætti um þessa starfsstétt virðist þetta vera efni sem sjónvarpsáhorfendur eru sífellt sólgirnir í.

I gegnum tíðina hafa margir góðir lögfræðipættir límt landsmenn við skjána í jafnvel mörg ár. Flestir þeirra eru spennuþættir með drama-ívafi en nokkrir hafa líka verið gamanþættir. Hér á eftir verða nokkrir góðir lögfræðipættir taldir upp.



## Matlock (1986 – 1995)

Hér er kominn til sögunnar LÖGFRÆÐINGURINN í huga margra enda þátturinn óhemju vinsæll þegar hann var sýndur í íslensku sjónvarpi. Andy Griffith fór með hlutverk hins slæga verjanda í ljósu jakkafötunum, Bens Matlock. Hann varði ekki einungis skjólstaðinga sína heldur leysti líka sakamálin sjálfur. Matlock er talinn vera byggður á þekktum lögfræðingi frá Georgíu sem hét Bobby Lee Cook.



## L.A. Law (1986-1994)

Bandarískur spennu- og dramaþáttur sem gekk í átta ár. Í þættinum er dregin upp mynd af lögfræðingum sem klár-um, drífandi, kynþokkafullum en þó skeikulum og eins misjöfnum einstaklingum og þeir eru margir. Umfjöllunarefni þáttanna voru oft mál sem voru umdeild á þeim tíma, og eru reyndar enn, svo sem fóstureyðingar, kynþáttahatur, jafnrétti samkynhneigðra, kynferðisleg áreitni, alnæmi og heimilisofbeldi. Þættirnir sýndu einnig fram á spennu milli ríku eigenda lögfræðistofunnar og starfsmanna þeirra sem fengu ekki eins vel útborgað.

## Ally McBeal (1997-2002)

Þættirnir voru skrifaðir af David E. Kelley og snerust um persónuna Ally McBeal sem er ungur lögmaður á lögmannsstofu Cage og Fish í Boston í Bandaríkjunum. Þættirnir voru nokkurs konar gamansápu-ópera sem fjallaði um líf og ástir lögmannanna á stofunni. Ástarævintýri og oft og tíðum flókin tengsl söguhetjanna voru í forgrunni. Persóna Calistu Flockhart sem lék Ally McBeal varð svo vinsæl og var svo ólík þeirri sem birtist sem hinn fullkomni kvenlögfræðingur í öðrum þáttum að hún birtist á forsíðu tímaritsins Time í júní 1998 undir fyrirsögninni „Er femínisminn dauður?“.



## The Practice (1997 – 2004)

Bobby Donnell var myndarlegur og duglegur verjandi sem rak lögfræðistofu í eigin nafni. Á stofunni starfaði hópur hæfileikaríkra lögmannna sem höfðu ekki rétta ættarnafnið til að komast að á finu stofunum. Þeir bættu þó upp það sem á vantaði með seiglu og klækjum.

Söguþráður þáttanna, sem voru skrifaðir af David E. Kelley eins og þættirnir um Ally McBeal, var oftast á þann veg að lögfræðistofa Donnells (og síðar Donnell, Young, Dole & Frutt og að lokum Young, Frutt & Berluti) flæktist í áberandi glæpa- og réttarfarsleg mál sem spegluðu raunveruleikann á þeim tíma. Inn í þetta fléttuðust sögur af daglegu lífi, ástarsamböndum og vandræðum söguhetjanna sem voru oft og tíðum mikil og flókin.



## Boston Legal (2004 – 2008)

James Spader lék Alan Shore, lögfræðing sem lét almennt síðferði ekki flækja málin. Þátturinn er enn einn lögfræðipátturinn sem er kominn úr smíðju handritshöfundarins Davids E. Kelley og er afsprengi The Practice. Persóna Spader, Shore, kom fyrst fram í þeim þáttum en var rekinn af stofunni sem þeir þættir fjölluðu um. Hann fór þá til félaga síns, Denny Crane (William Shatner) sem var álíka síðlaus og Shore. Söguþráðurinn var hálfbrenglaður, sögupersónurnar sérviskulegar og samtölin þau áhugaverðustu sem áttu sér stað í sjónvarpi á þeim tíma.



## Málsvari skuldugra einstaklinga og fyrirtækja

Það er engin ástæða til uppgjafar þótt skuldavandi virðist óyffirstíganlegur. Lausnin felst í ótvíræðum rétti skuldara. Lögmannsstofan Lagarök sérhæfir sig í ráðgjöf og aðstoð við skulduga einstaklinga og fyrirtæki ásamt því að semja við kröfuhafa.

Það er alls ekki öll nótt úti þótt fólk sé komið í alvarlegan skuldavanda,“ segir Sævar Þór Jónsson lögmaður og framkvæmdastjóri hjá lögmannsstofunni Lagarök.

„Fæstir gera sér grein fyrir laga- legum rétti sínum þegar kemur að skuldamálu en staðreyndin er að öllum skuldurum bjóðast ýmsar leiðir og úrræði til að greiða úr skuldavanda sínum.“

Lagarök fagnar þrítugsafmæli sínu á þessu ári og hefur frá stofnun lögmannsstofunnar sérhæft sig í ráðgjöf og aðstoð við einstaklinga og fyrirtæki í skuldavanda.

„Við sinnum öllum sviðum lögfræðinnar en aðalfag okkar er ráðgjöf fyrir skuldara og samninga- viðræður við banka og fjármála- stofnanir þeirra. Við metum stöðu og þörf hjá hverjum og einum og finnum leiðir og úrræði sem við berum undir kröfuhafa. Ef ekki tekst að leysa málið með samningum förum með málin lengra, eins og til umboðsmanns skuldara eða fyrir dóm,“ útskýrir Sævar. Lagarök býður fyrirtækjum sömu þjónustu og leiðbeinir stjórnendum stórra fyrirtækja um hvað sé best að gera varðandi skuldamál þeirra, hvernig á að semja við kröfuhafa og vinna sig út úr þeim vanda sem fyrir er.



Lögmenn og starfsfólk Lagaraka í Síðumúla 27.

MYND/GVA

„Allir sem eiga í skuldavanda ættu hiklaust að leita sér ráðgjafar hjá lögfræðingi. Ráðgjafarþjónusta fjármálfyrirtækja er hlutdræg og því áriðandi að leita til hlutlausra aðila sem rata um þann flókna og erfiða frumskóg sem skuldamál eru,“ upp- lýsir Sævar.

Hann bætir við að markmið fjár-

málastofnana sé ætíð að láta skuld- arann borga sem mest en þannig þurfi það ekki endilega að vera.

„Þess vegna er mikilvægt að skuld- arar séu meðvitaðir um rétt sinn gagnvart bönkum og fjármálastof- num. Það er of mikið í húfi og ávallt skyldi leitað ráðgjafar lögfræðings áður en skrifað er undir eða samið

um úrræði gegn skuldavanda.“

Sævar segir að í langflestum til- vikum sé hægt að hjálpa þeim sem eru hjálparþurfi, jafnvel þótt það sé á stundum langvinn þrautaganga.

„Reynslan sýnir að skuldurum gengur betur að semja um skuld- ir sínar með aðstoð lögmannna sem gjörþekkja skuldaumhverfið og laga-

legan rétt þeirra. Við fáum reglulega til okkar einstaklinga sem hefur verið neitað um aðstoð í bankanum en með lögfræðing í liði sínu stór- batna allt í einu móttökur og sam- ningsvilji bankans,“ segir Sævar um slæma staðreynd fyrir skuldara.

„Oftast er beitt afskriftum, en úr- ræði geta verið niðurfelling skulda, lenging í lánum, tímabundin fyrir- greiðsla eða einhvers konar tilslök- un af hendi fjármálfyrirtækja,“ útskýrir Sævar.

Hjá Lagarökum starfa færustu sérfræðingar við öll almenn lögfræðistörf. Nýlega bættust við lög- mennirnir Hlynur Ingason skatta- sérfræðingur og Ingólfur Magn- ússon sérfræðingur í slysamálum. Lagarök veitir einnig ráðgjöf á sviði félagaréttar í öllum opinberum málum og sér um skipti á dánarbú- um.

„Lögfræðingar eru haukar í horni almennings og við leggjum áherslu á að gæta réttar einstaklinga og fyr- irtækja á öllum sviðum. Lögfræði- þjónusta á skuldasviði er persónu- leg og nærgætin því skuldavandi reynir mjög á fólk. Til okkar koma gjarnan bugaðir einstaklingar en við peppum þá upp því það er aldrei nógu góð ástæða til að gefast upp.“ Lagarök eru í Síðumúla 27 í Reykjavík. Sjá [www.lagarok.is](http://www.lagarok.is).



Starfsmenn Bonafide lögmanna leggja ríka áherslu á vinalagt viðmót, virðingu og fagmennsku í samskiptum við viðskiptavini. Á myndina vantar Hönnu Steinu Arnardóttur lögfræðing.

MYND/GVA

# Leggjum áherslu á vönduð vinnubrögð og skapandi lausnir

Lögfræðipjónustan **Bonafide** lögmenn þjónustar bæði fyrirtæki og einstaklinga. Lúðvík Bergvinsson, annar eigenda stofunnar, segir vönduð vinnubrögð og gott samband á milli umbjóðenda og starfsfólks eitt af meginmarkmiðum stofunnar.

Við erum fyrst og fremst þjónustufyrirtæki og leggjum ríka áherslu á gott aðgengi umbjóðenda að starfsmönnum og vandvirk vinnubrögð,“ segir Lúðvík Bergvinsson, lögmaður og annar eigenda stofunnar.

Stofuna stofnaði Lúðvík ásamt Sigurvini Ólafssyni lögmanni fyrir þremur árum eftir fjórtán ára setu á þingi, en þeir Sigurvin þekkjast frá fornu fari, báðir aldir upp í Vestmannaeyjum. Í dag starfa sex manns hjá Bonafide lögmönnum, fjórir lögfræðingar og lögmenn, viðskiptafræðingur og félagsfræðingur, sem jafnframt er framkvæmdastjóri fyrirtækis-

ins. Lúðvík segir breidd í menntun starfsfólks stóran kost þegar unnið er að verkefnum.

„Bonafide er þjónustufyrirtæki og við höndlum með margvísleg viðkvæm mál. Það hefur til að mynda reynst okkur vel að hafa félagsfræðing og viðskiptafræðing innanborðs. Við leggjum mikið upp úr því að finna uppbyggjandi og skapandi lausnir fyrir viðskiptavini okkar. Okkar áherslur liggja þar af leiðandi í hugmyndaauðgi – enda reynum við að sjá tækifæri þar sem aðrir kunna að sjá hindranir. Við vinnum aðeins með einstaklingum og fyrirtækjum í samræmi við þeirra markmið, vonir og væntingar, enda

erum við hjá Bonafide lögmönnum samhentur hópur sem vinnur að því að finna leiðir og lausnir. Við reynum því að setja okkur inn í og skilja áherslur og þarfir viðskiptavina okkar. Við erum þess einnig vel meðvituð að fólk kemur yfirleitt á lögmennsstofu með erfiðar og aðkallandi spurningar, sem það er að takast á við í sínu lífi eða störfum. Enginn kemur á lögmennsstofu að gamni sínu. Þess vegna leggjum við ríka áherslu á vinalagt viðmót, virðingu og fagmennsku í samskiptum við viðskiptavini. Það má segja að okkar „mottó“ sé það að ekkert verkefni sé of stórt og ekkert verkefni of lítið – öll skipta þau miklu fyrir

þá sem leita aðstoðar lögmanna. Bonafide lögmenn veitir almenna ráðgjöf og sinnir málflutningi fyrir fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga.“

Nafn stofunnar, Bonafide, er samsetning latneska orðasambandsins „bona fide“ sem stendur fyrir góða trú. „Það er gott að vinna undir þessu nafni og þó að við gætum hagsmuna umbjóðenda okkar í hvítvetna, þá gleymum við því ekki að vinna okkar verkefni í góðri trú. Það skilar sér alltaf til baka á endanum fyrir alla aðila.“

Stofan er á annarri hæð við Klapparstíg 25-27, á milli Laugavegar og Hverfisgötu.



Sigurvin Ólafsson og Lúðvík Bergvinsson þekkjast frá fornu fari, báðir aldir upp í Vestmannaeyjum. Þeir stofnuðu Bonafide lögmenn fyrir þremur árum.

MYND/GVA

Bonafide lögmenn leggja áherslu á vandaða og skilvirka þjónustu við einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir.

Við sinnum sérhverju verkefni af alúð og leggjum metnað í að finna réttláta lausn mála.

**Bonafide**  
LÖGMENN



16. mars 2007 hélt Félag kvenna í lögmennsku ráðstefnu til að heiðra þrjá brautryðjendur kvenlögfræðinga, þær Auði Þorbergsdóttir fv. héraðsdómara, Guðrúnu Erlendsdóttur fv. hæstaréttardómara og Ragnhildi Helgadóttur fv. ráðherra og alþingismann. Þær voru í hópi fimm fyrstu kvennanna sem útskrifuðust úr lagadeild Háskóla Íslands.

## Brautryðjendur kvenlögfræðinga

Auður Auðuns var fyrsta konan sem lauk laganámi hér á landi. Hún brautskráðist frá Háskóla Íslands árið 1935. Auður varð einnig fyrst kvenna til að gegna embætti borgarstjóra Reykjavíkur og ráðherraembætti. Hún var alþingismaður Reykvíkinga 1959–74 fyrir Sjálfstæðisflokkinn, sat á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1967 og var skipuð dóms- og kirkjumálaráðherra þann 10. október 1970. Auður fæddist á Ísafirði 18. febrúar 1911 en hún lést 19. október 1999.

Á næstu þrjátíu árum eftir að Auður útskrifaðist bættust aðeins fimm konur í þann hóp, Rannveig Þorsteinsdóttir, Auður Þorbergsdóttir, Ragnhildur Helgadóttir, Guðrún Erlendsdóttir og Hólmafríður Snæbjörnsdóttir.

Á undanförunum árum hefur kynjahlutfall í laganámi snúist við því konur eru í dag að minnsta kosti helmingur námsmanna.

Félag kvenna í lögmennsku var stofnað 4. mars 2004. Sjötíu konur í stétt lögmanna voru stofnfélagar. Heiðursfélagi er Guðrún Erlendsdóttir, lögmaður og fyrrverandi hæstaréttardómari.



Óhætt er að segja að Auður Auðuns hafi lagt línurnar fyrir jafnrétti á Íslandi.

# Lögfróðir lögfræðinemar í Háskólanum í Reykjavík

Lögfræðinemar í Háskólanum í Reykjavík bjóða einstaklingum upp á lögfræðiaðstoð á veturna. Hópurinn heitir Lögfróður og í honum eru rúmlega fjörutíu sjálfbóðaliðar úr lagadeild HR.

Ókeypis lögfræðiaðstoð laganema við Háskólann í Reykjavík hefur verið vel nýtt en hátt í þúsund einstaklingar leituðu þangað á síðasta ári. Á miðvikudögum er opið hús frá kl. 17-20, frá september fram til maíloka, meðan kennt er í skólanum. Þá getur almenningur mætt á staðinn en einnig er hægt að hafa samband í síma á opnunartíma og senda fyrirspurnir með tölvupósti. Þjónustan er öllum endurgjaldslaus. Síðustu ár hefur hún farið fram í húsakynnum Háskólans í Reykjavík en nú stendur til að færa aðstöðuna yfir í Landsbókasafnið.

Ragnar Tjörvi Baldursson er nýkjörinn framkvæmdastjóri Lögfróðs. Hann segir að samhliða almennu lögfræðiaðstoðinni hafi Lögfróður veitt sértæka lögfræðilega ráðgjöf. „Við höfum til að mynda haldið svokallaðan skattadag þar sem við veitum aðstoð við útfyllingu skattframtala. Það hefur verið sérstaklega vel nýtt af erlendum einstaklingum sem eru kannski að gera þetta í fyrsta skipti á Íslandi. Þetta höfum við gert í samstarfi við mannréttindasvið Reykjavíkurborgar en það hefur kostað túlka.“



Ragnar Tjörvi Baldursson er nýkjörinn framkvæmdastjóri Lögfróðs.

MYND/BALDUR SIGURDSSON

Auk þess veitir Lögfróður mánadaglega ráðgjöf í Kvennaathvarfinu. Þar er algengt að ráðgjöfin snúi að dvalarleyfum, forsjármálum og hjúskaparrétti. Mikil þörf var á þessari ráðgjöf í athvarfinu og mun hún halda áfram með sama sniði á komandi árum. Starfsemin er ávallt að stækka enda mikill metnaður fyrir hendi. Lög-

fróður var á Vísindavöku Rannís og stefnir í viðræður varðandi samstarf, til dæmis við Mæðrastyrksnefnd og Rauða krossinn.

Það sem stóð upp úr á síðasta ári segir Ragnar þó hafa verið nýtt verkefni sem sneri að réttindafræðslu í framhaldsskólum. „Tveir sjálfbóðaliðar fóru frá okkur í framhaldsskóla og kynntu þau réttindi ungs fólks sem að okkar mati allir ættu að þekkja. Sérstök áhersla var lögð á vinnurétt sem fólst í kynningu á kjarasamningum og stéttarfélagum. Einnig fjölluðum við um smálánastarfsemi sem markaðssett er fyrir þennan aldurshóp. Okkur fannst mikilvægt að uppfræða ungt fólk hversu mikill kostnaður fylgir þessum lánum og hvað gerist ef þú greiðir ekki skuldirnar þínar,“ segir Ragnar og bætir við: „Svona smálán er fljótt að fara úr tíu þúsund krónum upp í fleiri hundruð þúsunda þegar þetta er komið í lögfræðilega innheimtu.“ Ragnar segir bæði kennara og nemendur hafa verið ánægðar með heimsóknirnar og fyrirætlað sé að halda uppteknum hætti í haust. Nálsgast má nánari upplýsingar um Lögfróðan á vefsíðunni logfrudur.hr.is [halla@365.is](mailto:halla@365.is)

# Sérfræðingar í slysa- og skaðabótamálum

Lögmennstofan OPUS lögmenn ehf. er metnaðarfull og framsækin lögmennstofa í hjarta miðborgarinnar. Stofan var stofnuð á árinu 2006 og hefur skaðabótasvið stofunnar verið stór hluti starfseminnar frá upphafi.

Í dag starfa á skaðabótasviði OPUS lögmanna þrír lögmenn sem sérhæfa sig í slysa- og skaðabótamálum. Eva Hrönn Jónsdóttir, hdl. og sviðsstjóri skaðabótasviðs OPUS, segir helstu verkefni sviðsins snúa að því að gæta réttar einstaklinga og innheimta skaðabætur fyrir líkamstjón sem þeir kunna að hafa orðið fyrir. „Einstaklingar sem hingað leita hafa orðið fyrir líkamstjóni í hvers konar slysum. Algengast er að um sé að ræða tjón vegna umferðarslysa, vinnuslysa eða slysa í frítíma. Við gætum réttar viðskiptavina okkar gagnvart hverjum þeim sem þeir kunna að eiga rétt hjá vegna umræddra slysa og tryggjum þannig að þeir fari ekki á mis við bótarétt sem þeir sjálfir jafnvel vissu ekki að þeir ættu.“

Eva segir fólk vera orðið meðvitaðra um rétt sinn til bóta vegna líkamstjóns en áður og að málum af þessum toga fari fjölgandi hér á landi. Að sögn Evu er enginn ákveðinn hópur sem nýtir sér þennan rétt í meira mæli en annar. „Sumir kunna að vera varir um sig og líta ekki á það sem sjálfsgöðan rétt sinn að krefjast skaðabóta vegna slyss. Í því samhengi ber að geta þess að réttur til skaðabóta vegna líkamstjóns í umferðarslysum er bundinn í lög og allir þeir sem



Fanney Birna Jónsdóttir og Eva Hrönn Jónsdóttir starfa á skaðabótasviði OPUS lögmanna.

MYND/GVA

verða fyrir slíku tjóni eiga bótarétt, hvort sem þeir voru í rétti eða órétti.“

Viðskiptavinir OPUS hafa

mjög gott aðgengi að lögmönnum stofunnar. Eva segir þrjá lögmenn stofunnar sinna þessum málum á öllum stigum þess,

allt frá því málið berst í hús og þar til því lýkur. „Við erum mjög stolt af þessari þjónustu okkar. Það er afar mikilvægt að okkar

mati að sami lögmaður sjái um allan feril málsins gagnvart viðskiptavinum okkar. Við heyrnum líka á þeim hversu ánægðir þeir eru með þessa þjónustu. Þeim

finnst mjög mikilvægt að vita af sama lögmanninum í öllu ferlinu, alveg frá fyrsta fundi og þar til málið er gert upp.“

OPUS lögmenn bjóða einstaklingum að hafa samband við lögmenn og fá ráðleggingar sér að kostnaðarlausu. „Það gildir síðan á öllum stigum málsins að ef það leiðir ekki til greiðslu bóta þá tökum við enga þóknun fyrir. Þóknun okkar er háð því að viðskiptavinir okkar fái bæt看.“

Eva vill brýna fyrir þeim sem hafa lent í slysi að leita strax til læknis. „Það er mjög mikilvægt að leita til læknis sem fyrst eftir að einkenni eftir slys gera vart við sig. Að sama skapi er mikilvægt að hafa samband við lögmenn fljótlega og fá ráðleggingar. Þannig er tryggt að réttur fólks glattist ekki, en það getur gerst sé slys ekki tilkynnt innan ákveðins tíma.“